

Nr. 7.
28.
febrúar.

Auglýsing

um

bólusótt í Lundúnum o. fl.

Í tilefni af opinberum skýrslum um, að bólusótt geri til muna vart við sig í Lundúnum um þessar mundir, er hjermeð ákveðið, að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá Lundúnum.

Auglýsing frá stjórnarráði Íslands 1. marz 1901 um pest í Smyrnu o. fl. er felld úr gildi.

Ákvæðum laga 17. des. 1875, sbr. viðaukalög við þau 18. des. 1897, verður hjer eptir beitt að því er þessa staði snertir:

Lundúnir og
allar Egiptalands hafnir.

Fyrir þessa staði nema Lundúnir gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr. Svo skal og hreinsa undir umsjón af hálfu hins opinbera lín, föt og sængurfatnað, er menn hafa með sjer sem ferðafatnað frá ofangreindum stöðum nema Lundúnum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 28. febrúar 1902.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.

Bekendtgørelse

om

Børnekopper i London m. m.

Nr. 7.
28de
Februar.

I Anledning af officielle Meddelelser om, at der for Tiden forekommer et betydeligt Antal Tilfælde af Børnekopper i London, bestemmes herved, at de i Lov om Foranstaltning til at forhindre Børnekoppers, den asiatiske Koleras og andre smitsomme Sygdommes Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreskrevne Forholdsregler ville være at iagttage med Hensyn til Skibe, der ankomme til Island fra London.

Bekendtgørelse fra Ministeriet for Island om Pest i Smyrna m. m. af 1ste Marts 1901 ophæves.

Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875, jfr. Lov om Tillæg til samme af 18de December 1897, ere herefter i Virksomhed over for følgende Steder:

London og
samtlige ægyptiske Havne.

Over for de nævnte Steder med Undtagelse af London bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3, hvorhos der er paabudt Rensning under offentligt Tilsyn af Linned, Klædningsstykker og Sengeklæder, der som Rejsegods medbringes fra de nævnte Steder ligeledes med Undtagelse af London.

Denne Bekendtgørelse træder straks i Kraft.

Hvilket herved bekendtgøres til Efterretning for alle vedkommende.

Ministeriet for Island, den 28de Februar 1902.

Alberti.

Olafur Halldórsson.